



Þjóðhátíðardagur Íslendinga var haldinn hátíðlegur í gær að venju á sautjándanum júní en þó með breyttu sniði vegna áhrifa Covid-19. Í Reykjavík var fleira fólk á götum miðborgarinnar en verið hefur lengi og skemmti það sér vel í fallegu veðri. Þessar glæsilegu konur settu sinn svip á daginn með þjóðlegum búnaði og glaðlegu fasi. Sá nánar á síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kröfu sonar Tryggva Rúnars hafnað

Ríkið hafnaði kröfu um 85 milljónir króna með vísan til ættleiðingar. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður Arnars Þórs Vatnsdal lýsir miklum vonbrigðum með forsætisráðherra. Segir Katrínu Jakobsdóttur hafa grátið krókódílstárum í þinginu vegna málsins.

GEIRFINNSMÁL Ríkið hefur hafnað bótakröfu Arnars Þórs Vatnsdal, blóðsonar Tryggva Rúnars Leifssonar. Arnar var tveggja ára þegar faðir hans var hnepptur í gæsluvarðhald á Þorláksmessu árið 1975 vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Arnar Þór var ættleiddur tólf ára, árið 1985, fjórum árum eftir að faðir hans losnaði úr fangelsi.

Tryggvi Rúnar var sýknaður árið 2018 eftir endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála í Hæsta-

rétti. Hann lést árið 2009 og fengu eftirlifandi eiginkona hans og dóttir samtals 171 milljón í bætur í upphafi þessa árs á grundvelli laga sem samþykkt voru í lok síðasta árs um heimild til að greiða bætur vegna sýknudómsins.

Arnar Þór beindi nýverið kröfu um 85 milljónir í miskabætur að forsætisráðherra sem vísaði málinu til Andra Árnasonar setts ríkislögmanns.

Með bréfi dagsettu 15. júní var bótakröfunni hafnað og vísað til

Því miður virðist forsætisráðherra ekki hafa hlustað mikið á Purrr Pillnik.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður



þess að ættleiddur sonur teljist ekki lengur barn kynföður síns í laga- legum skilningi. Þetta staðfestir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður Arnars.

„Já það er rétt, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra er búin að hafna kröfu umbjóðanda míns þó að réttur hans til bóta samkvæmt lögum sem hún mælti fyrir sé skýr og ótvíræður að mínu mati.“ segir Vilhjálmur og lýsir miklum vonbrigðum með Katrínu. „Forsætisráðherrann okkar virðist

hins vegar vera frábær leikkona því hún blekkti mig og fleiri þegar hún beygði af í umræðum um lögin í þinginu í fyrra. Nú er komið í ljós að hún grét krókódílstárum. Það skiptir nefnilega ekki máli hvað þú getur, heldur hvað þú gerir, en því miður virðist forsætisráðherra ekki hafa hlustað mikið á Purrr Pillnik.“ segir Vilhjálmur.

Aðspurður segir Vilhjálmur ljóst að ríkinu verði stefnt og dómstólar muni skera úr um rétt Arnars til bóta -aa.




Hágæða harðparket í miklu úrvali

Harðparket er með einstaklega sterkt yfirborð sem býður upp á mikinn umgang og viðhaldið er svo til ekkert, svo er það líka fallegt!

Parki
INTERIORS

Veður



Suðlæg eða breytileg átt 3-10 m/s og víða léttskýjað. Suðaustan 8-15 m/s á morgun, hvassast á Snæfellsnesi, en hægari vindur norðvestanlands. **SJÁ SIÐU 26**



Katrín Jakobsdóttir forættisráðherra.

Heitir afgerandi viðbrögðum

ÞJÓÐHÁTIÐ Í ræðu sem Katrín Jakobsdóttir, forsættisráðherra flutti í gær, 17. júní á Austurvelli kom fram að stjórnvöld myndu fylgjast grannt með hvernig til takist og bregðast hratt við með afgerandi hætti, verði tilefni til þess í framhaldi af opnun landamæra nýlega.

„Við verðum áfram að gæta ítrustu varfærni, enda geisar faraldurinn enn víða um heim og gæti blossað upp aftur hér. Við verðum að hafa augun áfram á boltanum. Okkur gekk vel en ef til vill var þetta aðeins fyrri hálfleikur,“ sagði Katrín.

„Heimsfaraldurinn olli einu mesta áfalli í heila öld þar sem alvarlegt skarð er hoggíð í útflutningstekjur. Þó má telja einstakt að tekist hefur að halda þjóðhagslegum stöðugleika þrátt fyrir þetta áfall, vextir eru lægri en nokkru sinni sem er eitt mikilvægasta lífskjaramál almennings. Þetta er ekki tilviljun. Með samstilltu átaki síðustu ár hafa stjórnvöld, Seðlabanki Íslands og aðilar vinnuáætlunarins náð miklum árangri á þessu sviði. Stóra verkefnið er að vinna bug á atvinnuleysinu.“

Alls var tekið 851 sýni úr ferðamönnum við komuna til landsins á laugardag og greindust tvö smit í þeim hópi. Þá greindist einnig smit í lögrelmanni. Átta manns eru nú í einangrun. Samtals hafa 1.815 smit greinst hérlendis frá upphafi faraldursins. -jþ

Vilja enn nýja stjórnarskrá



Baráttufólk fyrir nýrri stjórnarskrá minnti á sig á þjóðhátíðardaginn er skruðganga fór um Suðurgötu að Hólavallagarði til að leggja blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur konu hans. Meðal stjórnarskrármanna var Þorvaldur Gylfason prófessor sem verið hefur í kastljósinu því hann fékk ekki stöðu ritstjóra samnorræns fræðiritis um hagfræði vegna andstöðu fjármálaráðuneytsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hermenn á landamærunum.

Mannfall á landamærum

ERLENT Utanríkisráðherrar Kína og Indlands hafa skipst á mótum vegna átaka sem brutust út á landamærum ríkanna á mánudag. Annars vegar eru Kínverjar sakaðir um að efna til ófriðar innan landamæra Indlands. Hins vegar að indverskur herafli hafa átt upptökin. Báðir ráðherrarnir hafa þó heitið því að ágreiningurinn stigmagnist ekki.

Sögur herma að ekki hafi verið skipst á skotum en barist hafi verið með kylfum og eggvopnum. Fregni herma að 40 kínverskir hermenn hafi látið lífið en ekki er vitað af mannfalli indverskra hermanna. -jþ

Dagurinn varð stærri en Helgi reiknaði með

Einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar tók stoltur við fálkaorðunni á Bessastöðum í gær og hélt síðan í Höfða og var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur. Heldur tónleikaröð áfram út júní og tekur svo stefnuna á Hornstrandir.

FÓLK „Maður verður bara feiminn eiginlega,“ segir Helgi Björnsson, leikari og tónlistarmaður, sem á þjóðhátíðardeginum í gær var bæði sæmdur fálkaorðunni og útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur.

Meðal þeirra fjórtán sem fengu fálkaorðu í gær auk Helga var Óskarsverðlaunahafinn með meiru, Hildur Guðnadóttir tónskáld og þríeykið svokallaða; þau Alma Möller landlæknir, Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir og Viðir Reynisson yfirlöggreglupjónn. Einnig Jón Kalman Stefánsson rit höfundur og Einar Bollason, hestamaður og fyrrverandi formaður Korfuknattleikssambands Íslands.

Dagurinn í gær var sérstaklega stór hjá Helga Björnssyni. „Stærri en ég reiknaði með til að byrja með,“ segir Helgi sem kveðst sjálfsgagt munu áttu sig betur síðar á því sem gerðist. Aðspurður kveðst hann ekki ganga um með fálkaorðuna.

„Guðni Th. forseti okkar hengdi hana á mig og ég bar hana náttúrulega með stolti á Bessastöðum en síðan fór ég niður í Höfða og veitti viðtöku þessum viðurkenningsvotti sem borgarlistamaður er og þá var ég nú búinn að taka hana niður, það var of mikið fannst mér að mæta með hana,“ segir Helgi en útskýrir jafnframt að fálkaorðunni fylgi litill hnappur, svokölluð rósetta sem festa meg í hnappagat. „Þér að segja þá ber ég hana.“

Helgi segir útnefninguna sem borgarlistamaður vera viðurkenningu sem verði honum hvatning til betri verka. „Mér finnst það auðvitað vera það sem skiptir máli,“ undirstrikar hann.

Tónleikaröðin Heima með Helga í Sjónvarpi Símans sló rækilega



Helgi Björnsson segir útnefninguna sem borgarlistamaður vera viðurkenningu sem verði honum hvatning til betri verka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

● ● Við erum nú þegar búin að halda tíu tónleika og þegar yfir lýkur verðum við búin að halda sextán tónleika í júní. Og svo ætlum við bara að fara í langþráð og gott frí.

Helgi Björnsson

í gegn nú í vor eins og allir vita. Helgi hefur síðan farið um landið ásamt Reidmönnum vindanna með liðsinni Air Iceland Connect eftir að samkomubannið var útvíkkað í tvö hundruð manns.

„Við erum nú þegar búin að halda tíu tónleika og þegar yfir lýkur verðum við búin að halda sextán tónleika í júní. Og svo ætlum við bara að fara í langþráð og gott frí,“ segir Helgi sem stefnir norður á Hornstrandir.

„Ég ætla að fara vestur á Ísafjörð og síðan ganga Hornstrandir og njóta þess eins og væntanlegir margir Íslendingar að skoða mig um á okkar iðilfagra landi,“ segir listamaðurinn fjölhæfi.

gar@frettabladid.is

MIKIÐ ÚRVAL
Á LAGER

Parket
dagar



ALFABORG
- síðan 1986 -

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Við óskum Snjódrífunum til hamingju með leiðangurinn!

Eftir 164 kílómetra ferðalag yfir Vatnajökul er gönguhópurinn nú kominn á leiðarenda.

Markmiðið með göngunni var að safna áheitum fyrir félagin Kraft, félag ungs fólks með krabbamein, og Líf, styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans.

Enn er hægt að styðja við verkefnið Lífskraft með því að senda SMS í símanúmerið 1900 með eftirfarandi skilaboðum:

Sendið textann "LIF1000" fyrir 1.000 kr.

Sendið textann "LIF3000" fyrir 3.000 kr.

Sendið textann "LIF5000" fyrir 5.000 kr.

Sendið textann "LIF10000" fyrir 10.000 kr.

Einnig er hægt að styðja við Lífskraft með því að leggja inn á reikning 1161-26-9900, kt. 501219-0290, eða með AUR appinu í síma 789 4010.

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)

Þrjár mýflugutegundir klöktust út nánast sama dag við Mývatn

LÍFRÍKI Árni Einarsson, líffræðingur og forstöðumaður Náttúruvísindisráðs Íslands, segir að tölur verði fluga sé nú í sveitinni. Þrjú klök hafi orðið nánast sama daginn sem sé nýleg þróun tengd hlýnandi loftslagi.

Flugan er aðallega við vatnið þótt ein og ein skelli sér í langferð ofar.

„Yfirleitt leið vika á milli klaka. Stóra flugan kom upp fyrst, um 5. júní, og sú litla og mývargurinn um viku seinna. En eitthvað hefur breyst á seinni árum. Þessi klök eru



Helgi Héðinsson og mývargurinn.

að færast fram á vorið og fram á sumarið sem er nokkuð örugglega vegna hlýnandi loftslags. Þetta verður býsna mikið af flugu þegar þær koma allar í einu,” segir hann.

Mývatn er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins enda margt að sjá og gera, eins og Dimmuborgir, Game of Thrones tókustaðir, tröllkonur og -kallar nánast í hverju horni, Hverfjall og eftir góðan dag er hægt að slaka á í Jarðböðunum. Sannkolluð paradís þó óvanir ættu trúlega að fjárfesta í fluganeti.

Landsmenn ætla flestir að ferðast innanlands og ætli þeir að slaka á í þessari fegurstu sveit landsins er besti tíminn til að sleppa við bitmýið í júlí samkvæmt Árna.

„Mýið kemur upp um mánaðamótin maí, júní. Vargurinn dettur niður í júlí en hann kemur aftur í ágúst,” segir Helgo

Mývatn er verndað með sérstökum lögum og er á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði ásamt Laxá sem rennur úr vatninu. Fuglalíf er mikið og fjölbreytt og lífríkið

hefur verið að taka við sér. Stæður af kúluskít, sem var talinn útdauður, hafa fundist og bleikja veiðist í net heimamanna.

Árni segir að allt lífríkið sé samstillt við mýið.

„Andarungar þurfa að koma fram á réttum tíma og hrygningartími silungins byggist á því að seiði hafi gott æti fljótlega eftir að þau klekjast. Það er þó erfitt að segja hversu viðkvæmt lífríkið í heild er fyrir breyttum tímasetningum en við fylgjumst mjög vel með.“ - bb

Friðlýsti Geysi

UMHVERFISMÁL Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, undirritaði í gær, friðlýsingu Geysissvæðisins.

„Það er fátt meira viðeigandi en að friðlýsa Geysi og Geysissvæðið á þjóðhátíðardaginn sjálfan,” sagði Guðmundur Ingi við tilefnið.

„Geysir, Strókkur og svæðið í heild sinni er sennilega langþekktasta náttúruundur landsins og hefur gríðarlegt aðdráttarafl,” sagði ráðgjafi sem kvað friðlýsingu vera heimsviðburð. „Og Íslendingar mega vera stoltir af því að taka þá ákvörðun að vernda svæðið fyrir núverandi og komandi kynslóðir, allsstaðar í heiminum.“ -oag



Rifaat al-Assad flúði frá Sýrlandi.

Frændi forseta í peningabætti

ERLENT Rifaat al-Assad, föðurbróðir Bashar al-Assads, forseta Sýrlands, hefur verið dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Frakklandi fyrir peningabætti. Er Rifaat sagður hafa notað illa fengna fjármuni úr ríkissjóði Sýrlands til að kaupa fasteignir í Evrópu.

BBC hefur eftir verjendum Rifaat að dómnum verði áfrýjað. Með dómnum verða fasteignir Rifaat í París og London gerðar upptækar. Sagt er ólíklegt að Rifaat þurfi að sitja inni vegna aldurs og heilsufars.

Rifaat var eitt sinn næstvaldamesti maður Sýrlands og gerði misheppnaða tilraun til valdaráns árið 1984 og flúði land. -eps

Þúsundir Pólverja á kjörskrá

Riflega þrjú þúsund Pólverjar á Íslandi hafa skráð sig á kjörskrá hjá sendiráðinu fyrir forsetakosningar í Póllandi. Í þingkosningunum í fyrra var mikill munur á niðurstöðunum hér og heildarniðurstöðunum.

PÓLLAND Fyrri umferð pólsku forsetakosninganna fer fram þann 28. júní næstkomandi. Upprunalega áttu þær að fara fram 10. maí, en var frestað vegna COVID-19 faraldursins.

Hart var tekist á um kosningarnar og pólsk stjórnvöld gagnrýnd, bæði innan og utanlands, fyrir að ætla að ana áfram með þær eins og ekkert hefði í skorist. Þann 3. júní tilkynnti þingforseti um dagsetningarnar, en seinni umferðin fer fram 12. júlí.

Samkvæmt Gerard Pokruszynski, sendiherra Póllands á Íslandi, hafa rúmlega 3000 manns skráð sig sem kjósendur hjá sendiráðinu. Það eru umtalsvert fleiri en kusu í þingkosningunum síðasta haust, 2656. Fresturinn til að skrá sig hjá sendiráðinu er 25. júní. „Það er töluvert talað um kosningarnar á meðal Pólverja hér,” segir Gerard. „Efst í hugum fólks er vitaskuld að reglubundið flug komist á milli Íslands og Póllands, en kosningarnar eru í öðru sæti.“

Aðeins einn dagur er á milli íslensku og pólsku forsetakosninganna og Gerard segir það skemmtilega tilviljun í ljósi þess að forsetar landanna tveggja, Íslands og Póllands, Guðni Th. Jóhannesson og Andrzej Duda, hafi fundað í Varsjá í mars síðastliðnum.

Fastlega er búist við því að Duda, sem situr á forsetastóli fyrir stjórnarflokkinn Lög og réttlæti, og Rafal Trzaskowski, frambjóðandi Frjálslynda borgaraflokksins, komist áfram í fyrri umferð kosninganna.

Tíu aðrir frambjóðendur eru í framboði, þar af sjö óflokksbundnir. Þá eru Robert Biedron, fyrir Vinstribandalagið, Krzysztof Bosak, fyrir Þjóðfylkingu öfga hægrimanna, og Wladislaw Kosini-



Andrzej Duda forseti Póllands í kosningaham meðal kjósenda og stuðningsmanna sinna MYND/EPA

ak-Kamyzy fyrir Flokk fólksins sem er miðjuflokkur, einnig í framboði í kosningunum.

Mesta möguleika á að ná að ógna þeim tveimur fyrrnefndu er hins vegar sjónvarpsmaðurinn Szymon Holownia sem hefur í skoðanakönnunum mælst með allt að 20 prósentum fylgi.

Óvíst er hversu góð þátttaka verður í kosningunum en samkvæmt skoðanakönnun er rúmur þriðjungur á móti samkomulaginu um að halda kosningarnar í sumar. Andstæðingar kosninganna hafa

Efst í hugum fólks er vitaskuld að reglubundið flug komist á milli Íslands og Póllands, en kosningarnar eru í öðru sæti.

Gerard Pokruszynski, sendiherra Póllands á Íslandi



talað fyrir því að kjósendur sniðgangi þær.

Athygli vakti að niðurstöður í síðustu þingkosningum meðal Pólverja á Íslandi voru töluvert á skjön við heildarniðurstöðuna þar sem Lög og réttlæti tryggði sér þingmeirihluta. Flokkurinn fékk aðeins 17 prósent á Íslandi en Vinstribandalagið fékk flest atkvæði, 27 prósent. Bandalag um frelsi og sjálfstæði, sem eru öfga hægrimenn, fékk 26 prósent og Frjálslyndi borgaraflokkurinn 25 prósent.

kristinnhaukur@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.302.000 KR.
ÁN VSK. 9.405.480 KR. M/VSK.

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFHENDINGAR STRAX

BJÓÐUM UPP Á 35" - 40" BREYTINGARPAKKA FRÁ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



7 ára ábyrgð frá framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

Kia XCeed PHEV

Rafmagnaður borgarjepplingur

Afborgun á mánuði:

24.777 kr.

Vextir 4,15%. 60% innborgun og lán til
96 mánaða. Heildargreiðsla láns er
2.407.802 kr. Árleg hlutfallstala
kostnaðar er 5,20%.



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefni til kaupanda þer. Kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



X C E E D



The Power to Surprise

Umhverfismildur, ríkulega búinn og sportlegur

Nýr **Kia XCeed PHEV** er rúmgóður og glæsilegur borgarjepplingur. Hann er ríkulega búinn, með hátt undir lægsta punkt sem eykur útsýni og gerir aðgengi þægilegt. XCeed PHEV er umhverfismildur með allt að 58 km drægi á rafmagni og honum fylgir 7 ára ábyrgð frá framleiðanda.

Komdu og reynsluaktu nýjum XCeed PHEV. Við tökum vel á móti þér.

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hledslulausnir.askja.is

Kia XCeed Plug-in Hybrid, verð frá:

4.790.777 kr.

Norrænt samstarf um aðgerðaráætlun gegn hatri og öfgahyggju

REYKJAVÍK „Nordic Safe Cities er tengslanet borga á Norðurlöndunum sem vinna á fjölbreyttan og margvíslegan hátt gegn hatri og öfgahyggju,“ segir Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum/LGBTQ+ og jafnréttisráðgjafi hjá Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Á fundi ofbeldisvarnarnefndar í síðustu viku var samþykkt að skipa starfshóp til að fylgja eftir þátttöku borgarinnar í Nordic Safe Cities verkefninu en Reykjavík hefur verið þátttakandi síðan í maí 2017. Hóp-

urinn byrjar á að vinna tillögur að aðgerðaráætlun um forvarnir gegn hatri og öfgahyggju.

„Að svo stöddu er engin aðgerðaráætlun til sem nær sérstaklega til haturs og öfgahyggju, þó eru ýmis verkefni í gangi hjá Reykjavíkurborg sem falla vel að hinum ólíku þráðum sem tengjast slíkri vinnu ásamt stefnum og aðgerðaráætlunum sem tengjast málaflöknum,“ útskýrir Svandís. Í haust hefst vinna í samráði við þá sem tengist málefninu með einhverjum hætti.

„Vinna gegn hatri og öfgahyggju tekst einungis vel til ef hægt er að

Vinna gegn hatri og öfgahyggju er eilífðarverkefni.

Svandís Anna Sigurðardóttir, sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum/LGBTQ+



koma á samvinnu og samtali ólíkra eininga og stofnanna. Samvinna er í raun lykilatriði,“ segir Svandís.

Fyrsta hluta verkefnisins verður beint að hatursorðræðu og að nauðsyn þess að beina sjónum að þeim sem breiða hana út. Sömuleiðis að hópum sem verða almennt fyrir hatursorðræðu og á áhrifin sem hatursorðræða í garð stjórnmalafólks hefur á þátttöku þeirra í stjórnmalum. „Nokkuð sem hefur neikvæð áhrif á lýðræðislega þátttöku,“ segir Svandís.

Hluti áætlunarinnar mun snúa að ungmennum og því hvernig hægt

er að ná til viðkvæmra hópa. Segir Svandís margar aðildarborgir verkefnisins setja áherslu þar á.

„Sumar borgir horfa á ungmenni og þátttöku þeirra í samfélaginu, aðrar á hatursorðræðu og neikvæðar afleiðingar hennar á lýðræðislega þátttöku, enn aðrar einbeita sér að fjölmenningu og því að tryggja aðkomu minnihlutahópa að samfélagsumræðunni. Þetta eru fjölbreytt verkefni sem öll snúa að forvörnum gegn hatri og öfgahyggju,“ segir Svandís. „Vinna gegn hatri og öfgahyggju er eilífðarverkefni.“

-bdj

Tímarit um nýsköpun

SAMFÉLAG Guðni Th. Jóhannesson, forseti og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra tóku á dögnum á móti fyrstu eintökum nýs 128 síðna tímarits sem Samtök iðnaðarins hafa gefið út um nýsköpun.

Í tilkynningu segir að samtökin vilji með útgáfunni leggja sitt af mörkum til að hvetja til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins. „Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum eflum við samkeppnishæfni Íslands til framtíðar,“ segir jafnframt í tilkynningunni. Í því ljósi hafi samtökin ráðist í útgáfu tímaritsins þar sem fjallað sé um nýsköpun með fjölbreyttum hætti. Vefútgáfu ritsins má finna á vef samtakanna.

-jþ

Jafnt tveggja ára dauðsföllum

SPÁNN Í sex héruðum Spánar hafa tvöfalt fleiri látist úr Covid-19 á undanförunum mánuðum og jafnan gerist þar í venulegju árferði. Þetta kemur fram í vefútgáfu spænska stórbladsins El País. Segir El País að slík „umfram dauðsföll“ sé besti mælikvarðinn á áhrif Covid-19 faraldursins.

Héruðin sem um ræðir eru Segovia, Madrid, Guadalajara, Ciudad Real, Soria and Albacete. Í þessum sex héruðum samtals voru dauðsföllin 20.542 fram yfir það sem vænta hefði mátt í venjulegu ári. Atta af hverjum tíu þessara dauðsfalla, eða sextán þúsund, urðu í Madrid sem hefur verið afar grátt leikin af Covid-19. Þar létust 15 prósent vistmanna á hjúkrunarheimilum úr sjúkdómnum. -gar

Villikettirnir fá lagalega stöðu

Lengi hefur villikötturinn verið skóggangsmaður á Íslandi en nú á að gefa honum lagalega stöðu. Samtökin Villikettir segja það nauðsynlegt til að halda megi stofninum niðri með mannúðlegum aðferðum.

DÝRAVERND Íslenski villikötturinn mun loksins fá lagalega stöðu samkvæmt drögum að nýrri reglugerð Kristjáns Þórs Júlíussonar, landbúnaðarráðherra.

Villikettir hafa fylgt Íslendingum frá landnámi en ólíkt skóggangsmönnum forðum daga er villikötturinn enn þá réttdræpur.

Reglugerðin var unnin eftir samráð við Matvælastofnun og samtökin Villiketti sem fagna því að heimilisláusar kisu fái loks úrbót sinna mála.

„Við erum búin að berjast fyrir þessu í fjögur ár,“ segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, formaður Villikatta. „Það var mjög stór áfangi þegar dýraverndunarlögin voru sett árið 2014, en það vantaði skilgreininguna á villiköttum sem eru fyrrum heimilisdýr. Staða þeirra hefur verið mjög bágborin í gegnum tíðina og við vitum að þeir eru enn þá skotnir sums staðar á landsbyggðinni.“

Samkvæmt reglugerðinni mega félagsamtök sem stuðla að velferð villikatta láta sneiða lítinn hluta annars eyrans af eftir geldingu. Að því gefnu að aðgerðin sé framkvæmd hjá dýralækni með svæfingu.

Arndís segir þetta mjög mikilvægt í ljósi þess verklags sem samtökin vinna eftir, TNR (trap-neuter-return), sem myndi þýðast sem fanga-gelda-sleppa.

„Við komum oft inn í stór katta-samfélög, þar sem eru á bilinu 50 til 100 kettir, allir ógeldir og hver undan öðrum og því svipaðir á litinn,“ segir Arndís. „Við getum ekki séð hverjir eru geldir og hver ekki nema það sé búið að sneiða af eyranu.“



Villikettir halda gjarnan til við sjávarsíðuna og annars staðar þar sem þeir geta mögulega komist í æti. MYND/GETTY

Við vitum að þeir eru enn þá skotnir sums staðar á landsbyggðinni.

Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, formaður Villikatta



Þetta segir Arndís að geti líka gagnast fólki sem finni kött og sé að velja því fyrir sér hvort hann sé týndur.

Að sögn Arndísar er aðferðin vel þekkt erlendis, hafi byrjað í Boston í Bandaríkjunum árið 1964. Síðan hafi þetta borist til Evrópu og víðar. Hún sé notuð til að fækka villiköttum á mannúðlegan hátt og halda stofnum í hæfilegri stærð.

„Þetta er hörð lífsbarátta, sérstaklega fyrir litla kettlinga sem lenda í mávum og fleiru. Það er aðeins um 20 prósent líkur á að þeir lifi,“ útskýrir Arndís.

Nefnir Arndís fyrsta verkefni félagsins, sem stofnað var árið 2014, úti á Granda þar sem náðst hafi að gelda 26 ketti. Högninn Pungsi, sem feðraði flesta kettlingana, slapp þó og er enn þá á stjái ógeldur.

„Villikettir munu aldrei hverfa alveg og fólk vill hafa þá,“ segir Arndís sem reiknar með því að meira en 2000 kisu lifi villtar á Íslandi. Flestar í nálægð við hafnir og þar sem þær komast í æti. „Þeir halda líka rottum í burtu, því rottur forðast lyktina af kattahlandi.“

kristinnhaukur@frettabladid.is



Ævintýrið hefst í Brimborg!



Kauptu eða leigðu ferðabílinn fyrir sumarævintýrið

Kauptu nýjan eða notaðan ferðabíl eða leigðu sumarabílinn í Brimborg. Öll bílaþjónusta á einum stað.

Byrjaðu ævintýrið í Brimborg!



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 og 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á



LIBRE

YVES SAINT LAURENT



THE NEW FRAGRANCE OF FREEDOM

Yves Saint Laurent vörurnar fást / Skeifur, Krínglu, Smáralind, Garðabæ og á Akureyri.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM YVES SAINT LAURENT
VÖRUM DAGANA 18. – 24. JÚNÍ

HAGKAUP
Snyrtivara

Svíar mega brátt ferðast til Íslands og níu annarra Evrópulanda

STOKKHÓLMUR Utanríkisráðuneytið í Svíþjóð tilkynnti í gær að ferðatakmarkunum til tíu Evrópulanda yrði aflétt um mánaðarmótin. Hefur sænska ríkissjónvarpið eftir Ann Linde utanríkisráðherra að þetta hafi verið ákveðið í ljósi þess að viðkomandi lönd heimili Svíum - eins og öllum öðrum löndum Evrópusambandsins, að heimsækja þau.

Ísland er eitt landanna sem um ræðir. Hin löndin eru Belgía, Frakk-



Ann Linde, utanríkisráðherra Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

land, Grikkland, Ítalía, Króatía, Lúxemborg, Portúgal, Sviss og Spánn. „Jákvæð þróun hefur orðið í Evrópu með afléttingu banna sem áður hafa þýtt hindranir og áhættu fyrir sænska ferðamenn,“ sagði Linde á blaðamannafundi. Fyrir önnur lönd en þessi tíu gildi ferðabann til og með 15. júlí.

Linde undirstrikaði að utanríkisráðuneytið sænska muni ekki getað aðstoðað með ferðir til Svíþjóðar. „Þess vegna ætti hver og

Jákvæð þróun hefur orðið í Evrópu með afléttingu banna sem áður hafa þýtt hindranir og áhættu fyrir sænska ferðamenn.

Ann Linde, utanríkisráðherra Svíþjóðar

einn að ihuga vandlega hvort hann ætli að ferðast, kynna sér málin vel og fylgja tilmælum yfirvalda á hverjum stað,“ sagði ráðherrann og ítrekaði jafnframt að þeir sem séu með einhverjú sjúkdómseinkenni ættu alls ekki að leggjast í ferðalög. Einnig að þeir sem fái einkenni á meðan á ferðalaginu standi haldi sig innandyra.

Þá gildir áfram ferðabann fyrir Svía til landa utan Evrópska efnahagsvæðisins til 31. ágúst. -gar

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK



Mótmælendur varpa stytta af Colston í höfnina líkt og hann er sagður hafa gert við lík þræla sinna. MYND/GETTY

Íslenskir drengir seldir í ánauð á miðöldum

Íslendingar hafa átt, selt og drepið þræla en einnig er talið að íslenskir drengir hafi verið seldir í ánauð í borginni Bristol í Bretlandi á fimmtánda öld. Í síðustu viku flegðu mótmælendur í borginni stytta af þrælasala í höfnina.

SAMFÉLAG Athygli vakti nú á dögum þegar mótmælendur Black Lives Matter hreyfingarinnar í hafnarborginni Bristol í Bretlandi rifu niður stytta af þrælasalanum Edward Colston og flegðu henni í höfnina líkt og Colston gerði forðum við lík þræla sinna.

Íslendingar stunduðu mikil viðskipti við hafnarborgir á borð við Bristol áður en Landfundatímabilið svokallaða hófst með miklum þrælaflutningum yfir Atlantshafið. Björn Þorsteinsson sagnfræðingur kallaði þetta tímabil ensku öldina en þá hófust siglingar Englendinga til Íslands fyrir alvöru.

Þrældómur gengur eins og rauður þráður í gegnum sögur Íslendinga; Írskar konur, herfang víkinga, voru fluttar gegn vilja sínum til Íslands, Ingólfur Arnarsson myrta alla þræla Hjörleifs fósturbróður síns í Vestmannaeyjum og Ólöf ríka Loftsdóttir hefndi bónda síns með því að hneppa alla Englendinga sem hún fann í ánauð og neyða þá til að leggja steina við stórbýlið á Skarði.

Íslendingar hafa átt, selt og drepið þræla. En þó eru heimildir fyrir því að Íslendingar hafi einnig sjálfir verið numdir á brott og seldir til Marokkó, Alsírs og jafnvel Bretlandseyja.

» Þrældómur gengur eins og rauður þráður í gegnum sögur Íslendinga.

Á þeim tíma virtust Íslendingar hafa siglt með þeim utan, eða verið fluttir nauðugir. Fornleifafræðingurinn Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson taldi að íslensk börn hafi verið hneppt í þrældóm í ýmsum höfnum en Íslendingar lágu einnig undir grun um að selja börn sín til Englendinga. Þrátt fyrir að engar traustar íslenskar heimildir séu fyrir því að börn hafi verið seld til Bristol þá er margt hægt að finna í enskum skráum.

Sagnfræðingurinn dr. Wendy Childs kom hingað til lands árið 1998 með fyrirlestur á vegum Sagnfræðistofnunar um viðskipti Englendinga og Íslendinga á fimmtánda öld. Hún sagði heimildir benda til þess að Íslendingar hafi selt eða jafnvel gefið útlendingum börn sín í von um að þau ættu betri möguleika utanlands. Það hafi hugsanlega gerst árið 1483.

Fram kom í máli Childs að það ár hafi 48 Íslendingar verið skráðir í Bristol og af þeim tveir fullorðnir en 46 drengir. Taldi hún þetta mjög athyglisvert og ekki ljóst hvað þessi fjöldi drengja var að gera í Bristol.

Dr. Childs þorði þó ekki að staðfesta að þessir drengir hefðu verið þrælur en Vilhjálmur Örn sagði heimildir sýna að íslenskum börnum hafi verið rænt af enskum kaupmönnum og seld á „ómannúðlegan hátt líkt og fangar“ í bænum King's Lynn árið 1429.

Þá var Eiríkur af Pommern konungur Karlmarssambandsins en hann er þekktur fyrir að hafa sett á viðskiptabann við Englendinga og áttu þá hirðstjórar Íslands oft í erjum við enska kaupmenn og sjómenn.

Vísad er til íslensku drengjanna í enskum heimildum sem „Puerum sibi servientem do Island“; þjónar frá Íslandi. Fluti þeirra sigldi með breskum herrum til Frakklands, Spánnar, Portúgals og Madeira en hvort það hafi verið sem vinnu- eða þrælur er ekki vitað, enda er enska öldin einnig kölluð myrka öld Íslandssögunnar, öld sem fái vita mikið um og hefur verið sveipuð dulúð og leynd í hugum margra. ingunnlara@frettabladid.is

KRONAN

Jalapeño á grillið lauflétt trix en algjör LEIKBREYTI!

TÖFRABRAGÐ
JALAPEÑO
SNILLD Á GRILLIÐ

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn og Íslendingar elska!

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.


FYRIR HEIMILIÐ

17. JÚNÍ



Lýðveldið átti 76 ára afmæli

Borgarbúar í bland við aðra landsmenn og lengra aðkomna gesti spókuðu sig um í miðbænum og fögnuðu því í gær að 76 ár voru þá liðin frá stofnun Lýðveldisins Íslands. Sigtryggur Ari Jóhannsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fangaði stemninguna.



Sumargjöf til þín frá Bláa Lóninu

Opnum á morgun, 19. júní



Við gefum öllum einstaklingum, 14 ára og eldri,
5.000 kr. inneign upp í Premium aðgang Bláa Lónsins.

Með Premium aðgangi upplifir þú allt það besta sem
Bláa Lónið hefur upp á að bjóða.

Þú getur nálgast sumargjöfina þína og frekari upplýsingar á blaalonid.is

Njóttu vel!

BLUE LAGOON
ICELAND

Frítt fyrir börn 13 ára og yngri.

MARKAÐURINN

Varaformaður ekki lengur á sérkjörum

Laun varaformanns Eikar voru lækkuð niður í almenn stjórnarlaun á aðalfundi. Helmingur skráðra félaga gera ráð fyrir stöðu varaformanns á sérkjörum. Gildi lífeyrissjóður segist fylgjandi stöðu varaformanns í stjórn og að kjör hans endurspeglar skyldur og ábyrgð.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Varaformaður hefur enn fremur meiri skyldur en óbreyttir stjórnarmenn og ber meiri ábyrgð. Launakjör eiga að mati sjóðsins að endurspeglja það.

Gildi lífeyrissjóður

Laun varaformanns í stjórn Eikar fasteignafélags voru lækkuð á aðalfundi félagsins og eru þau nú jöfn launum almennra stjórnarmanna. Samantekt Fréttablaðsins leiðir í ljós að tæpur helmingur skráðra félaga gerir ráð fyrir að varaformaður sé á betri kjörum en almennir stjórnarmenn.

Á aðalfundi Eikar, sem var haldinn 10. júní, lagði fjárfestingafélagið Brimgarðar, stærsti hluthafi fasteignafélagsins, fram breytingartilöggu um launakjör stjórnarmanna. Samkvæmt tillöggunni myndu almenn stjórnarlaun verða óbreytt frá fyrra ári.

Laun varaformanns Eikar, sem áður voru eitt og hálf margfeldi almennra stjórnarlauna, myndu jafnframt verða jöfn almennum stjórnarlaunum. Þannig yrði undið ofan af breytingu frá aðalfundi síðasta árs þar sem ákveðið var að stjórn Eikar myndi velja sér varaformann og að hann yrði á sérkjörum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var vísað til þess að hvorki væri gert ráð fyrir stöðu varaformanns í lögum um hlutafélög né í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af

Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Með því að setja varaformann á sérstakan stall innan stjórnar væri stjórninni lagskipt þannig að stjórnarmaður og varaformaður myndu innri kjarna og aðrir stjórnarmenn væru í aukahlutverki. Það væri þvert á fyrirmæli laga þar sem gert er ráð fyrir að stjórn hlutafélaga sé fjölskipuð og allir stjórnarmenn séu jafnrétt háir þrátt fyrir ákveðið skipulagshlutverk stjórnarformanns.

Stjórn Eikar hafði aftur á móti lagt til að stjórnarlaun yrðu hækkuð. Samkvæmt tillögu stjórnar myndu almenn stjórnarlaun hækka lítillega, úr 325 þúsundum króna á mánuði upp í 335 þúsund, og laun varaformanns og stjórnarformanns í takt margfeldin sem þá var kveðið um í samþykktum.

Tillaga Brimgarða um að halda almennum stjórnarlaunum óbreyttum og að lækka laun vara-



Hlutfall stjórna með varaformann á sérkjörum hefur aukist á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



HOKUS POKUS
hokuspokus.is

s 551 7955

**Margnota
Andlitsgrímur**
Verð: 490 Kr



Varnar innöndun á
dropum vegna hósta
eða tals annara

Varnar því að aðrir
andi inn dropum frá þér

Varnar gegn smiti vegna
eigin andlitssnertina

Heildsölubirgðir

**Ný tvöföld virkni sem
veitir hraða og langvarandi
vörn gegn tannkuli.**

**TVÖFÖLD
VIRKNI**



formanns var samþykkt með naumum meiri hluta á aðalfundi en Gildi lífeyrissjóður var einn af þeim hluthöfum sem kaus gegn tillöggunni. Tillöggu Brimgarða um að lækka laun stjórnarformanns úr tvöföldum stjórnarlaunum niður í eitt og hálf margfeldi var hins vegar hafnað.

„Gildi er almennt fylgjandi því að í stjórn hlutafélaga sé varaformaður. Það tryggir m.a. gegnsæi að hluthafar viti hver taki við ábyrgð stjórnarformanns í forföllum,“ segir í svari Gildis lífeyrissjóðs við fyrirspurn Fréttablaðsins þar sem sjóðurinn var spurður um sjónarmiðin sem lágu að baki atkvæðinu. Þá telur sjóðurinn að launakjör varaformanns eigi að endurspeglar skyldur og ábyrgð.

„Varaformaður hefur enn fremur meiri skyldur en óbreyttir stjórnarmenn og ber meiri ábyrgð. Launakjör eiga að mati sjóðsins að endurspeglar það.“

Samantekt Fréttablaðsins sýnir að tæpur helmingur af þeim sem eru

Varaformaður á sérkjörum?

Hagar	Já
Brim	Já
Eimskip	Já
Festi	Já
Arion	Já
Siminn	Já
Skeljungur	Já
Marel	Já
Icelandair	Já
Eik	Nei
Kvika	Nei
Sýn	Nei
VÍS	Nei
Sjóvá	Nei
TM	Nei
Reginn	Nei
Reitir	Nei
Origo	Nei
Heimavellir	Nei
ISI	Nei

skráð á aðallista Kauphallarinnar, 9 af 20, gerir ráð fyrir að varaformaður sé á betri kjörum en almennir stjórnarmenn. Hinn helmingur er með tvískipta stjórn, þ.e. almenna stjórnarmenn og stjórnarformann, hvað launakjör varðar. Algengast er að stjórnarformaður sé með um tvöföld almenn stjórnarlaun og varaformaður með um eitt og hálf margfeldi.

Hlutfall stjórna með varaformann á sérkjörum hefur aukist á síðustu árum en árið 2017 voru sex af sextán skráðum félögum með slíkt fyrirkomulag. Síðan þá hafa Eik, Brim og Marel breytt samþykktum sínum þannig að í stjórn sé varaformaður með hærri laun en almennir stjórnarmenn og Arion banki, sem var skráður á markað sumarið 2018, hefur einnig haft þann háttinn á. Iceland Seafood International, Heimavellir og Kvika banki, sem voru skráð á markað eftir árið 2017, eru hins vegar ekki með sérkjör fyrir vara í sinni stjórn.



ÞAÐ ER
EINFALT AÐ STOFNA
BRÚÐARGJAFALISTA
Á KUNIGUND.IS

Stóri dagurinn

Vandaðar brúðargjafir

15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista


ROSENDAHL
COPENHAGEN


GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904


ROYAL COPENHAGEN
PARTNER TO THE ROYAL DANISH COURT


KAY
BOJESEN
DENMARK


iittala


Villeroy & Boch
1748

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



Fossinn innst í Stakkholtsgjá er engum líkur og steypist vatnið niður um mosavaxið gat. MYNDIR/TG

Felufoss í ríki fýla

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Þórsmörk er tvímælaust á meðal helstu náttúrudjásna Íslands, þar sem þéttir birkiskógar í sundurskornum giljum eru rammaðir inn af straumhörðum jökulám og mikilfenglegum jöklum. Landslagið einkennist af fjölbreytni og rikulegan gróðurinn má þakka skjólinu sem jöklarnir veita. Á leiðinni inn í Þórsmörk er Stakkholtsgjá, náttúru-perla sem margir fara á mis við og er auðvelt að skoða gangandi. Hún er kennd við klettinn Stakk á Krossár-aurum, en í honum er skúti sem bændur nýttu sér áður sem skjól í haustgöngum.

Gangan inn Stakkholtsgjá hefst við bílastæði við mynni gjárinnar. Fyrst er gengið í suður og síðan sveigt í austur, samtals tveggja kílómetra leið inn að botni gjárinnar. Þessi magnaða náttúrusmíð er girt allt að 100 metra háum og þverhniptum mosavöxnum hamraveggjum, en þegar horft er upp á gljúfurbarmana skjóta ýmsar kynjamyndir upp kollinum. Einnig sjást birkitré vaxa út frá syllum í klettastálinu og víða sést í fýlshreiður. Þar hreiðra fýlar um sig, en þeir eru með algengustu fuglum á Íslandi. Við áreiti getur múkkinn, eins og fýll er oft kallaður, verið full á móti, en nafnið vísar til illa lyktandi fýlaspyju sem þeir sprauta út um göt á goggnum og er bæði lýsi og matar-leifar úr maga þeirra. Úr fjarlægð líkjast þeir mávum, en þegar þeir fljúga um í Stakkholtsgjá minna þeir helst á eftirlitsflugvélar sem vakta konungsríki sitt. Oftast byggja fýlar hreiður nálægt sjó þar sem þeir sækja æti. En þarna, líkt og í Emstrum og við Þingvelli, kjósa þeir að búa í úthverfi langt frá sjó – enda útsýnið einstakt.

Fyrir flesta er ganga inn og aftur út Stakkholtsgjá auðveld. Fylgt er grýttum árfarvegi og stundum þarf að stikla steina til að komast yfir ána. Því er góður skóbúnaður æskilegur. Innst skiptist Stakkholtsgjá síðan í tvennt og er stefnan tekin í austur (til vinstri) á þá minni. Stuttu síðar þrengist gjáin skyndilega og þarf að klöngrast yfir steina til að komast alveg að enda hennar. Þarna opnast töfraveröld en stórkostlegur foss fellur í nokkrum þrepum í gegnum mosavaxið op í gjánni. Ef ekki væri fyrir svalan údönn væri auðveldlega hægt að gleyma sér þarna svo klukkutímum skiptir.



Fokus á hjarta landsins



Í þverhniptum veggjum Stakkholtsgjár leynast birkitré en líka fýlshreiður. Yfir gjánni vaka síðan fýlar á flugi.



Innst í Stakkholtsgjá þarf að stikla á steinum, sem aðeins eykur á upplifunina.

ÞAÐ

TEKUR

BARA

2 SEKÚNDUR ...

... AÐ KVEIKJA

Á AUTOTUNE-INU

... AÐ SPENNA

BELTIÐ



Samgöngustofa



Böl í samtíma



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Pólitiskur rétttrúnaður er böll í samtíma okkar. Flestir yppa samt öxlum og nenna ekki að andmæla honum, enda er það síst til vinsælda fallið. Sá sem það gerir á á hættu að vera stimplaður sem fordómafullur afturhaldsseggur sem sé illilega úr takti við samtímann. Skiljanlega er fólk ekki sólgíð í að fá slíka einkunn.

Enginn getur talið sig fullkomlega óhultan þegar rétttrúnaðarfólkið á í hlut. Það stendur vaktina af stakri samviskusemi og gólar óskaplega takist því að þefa uppi ósóma. Því tekst það mjög oft. Það er nú einu sinni þannig að ef fólk er staðráðið í því að finna eitthvað sem því mislíkar, þá tekst það mjög auðveldlega.

Þetta fólk er dálítið eins og prinsessan á bauninni, sem fann fyrir óþægindum í gegnum allar dýrnarnar og dúnsængurnar. Hún var svo mikil alvöruprinsessa að ein litil baun kom í veg fyrir að henni tækist að festa svefn. Rétttrúnaðarfólkið býr yfir þessari sömu viðkvæmni, enda telur það sig óskekult þegar kemur að því að greina á milli þess sem er rétt og þess sem er rangt. Þannig er þessi hópur bæði harðlyndur og refsígladur og minnir stundum á rannsóknarrétt. Hann fordæmir ekki bara orð fólks heldur líka bækur, kvikmyndir, sjónvarpsþætti, listaverk og svo framvegis. Um leið fer lítið fyrir áhuga þessa hóps á tjáningarfrelsinu.

Rétttrúnaðurinn er orðinn eins og vofa sem gengur ljósum logum víða um lönd. Fámennur hópur rekur upp ramakvein út af því sem hann telur vera ósóma og þá er samstundis brugðist við af hörku.

Einstaklega fáránlegt mál sem tengist þessu kom upp á dögnum í Bretlandi. BBC tók einn þátt úr hinna frábærlega myndun Fawly Towers-seríu úr efnisveitu sinni, vegna þess að þar á að vera rasískt orðalag. Eins og fjölmargir aðdáendur þáttanna vita er aðalpersóna þáttanna Basil Fawly holdgervingur ýmiss konar fordóma og hið sama á við um gamlan majór í þáttunum, en sá lifir og hrærist í hugmyndaheimi nýlendutímans og talar og hegðar sér á þann veg. Í þáttunum eru þessir einstaklingar afhjúpaðir hvað eftir annað og stólpagrín gert að þeim, á þann hátt að ekki er annað hægt en að veltast um af hlátri.

Þeir sem átta sig ekki á þessari áherslu í þáttunum hljóta að þjást af verulegum skorti á kinnigáfu. Sá eitursnjalli John Cleese, annar höfundur þáttanna og aðalleikari þeirra, talar í þessu sambandi um heimsku. Þegar heimsku og húmorsleysi blandast saman þá er engan veginn við góðu að búast.

BBC ákvað síðan að halda þessum ákveðna þætti inni í streymisveitunni, en ætlar að bæta við aðvörun um að þátturinn innihaldi efni og orðfæri sem kunni að vera móðgandi fyrir einhverja. Þetta er kostuleg niðurstaða. Eina vandamálið þarna er að rétttrúnaðarfólkið sem horfir á þáttinn hefur ekki kinnigáfu. Húmorsleysi þessa hóps verður til þess að BBC varar við þætti sem inniheldur afar vel heppnaða ádeilu á fordóma.

Fáránleikinn er algjör og væri afskaplega myndinn ef hann væri ekki jafnframt afar sorglegur.



Rétttrúnaðurinn er orðinn eins og vofa sem gengur ljósum logum víða um lönd.

Halldór



Frá degi til dags

Gammar

Í gær sagði Markaðurinn frá því að breytingar hefðu orðið á Stjórn Gamma, sem er dótturfélag Kviku banka. Nýjir stjórnarmenn væru Sigríður Mogensen, sem fer fyrir hugverkasviði Samtaka iðnaðarins og Einar Hugi Bjarnason, lögmaður. Rétt, það er sá sami og er trúnaðarmaður menntamálaráðherra og sinnir fyrir hana ýmsum erindisrekstri. Svo sem formenska hæfisnefndar um ráðningar ráðuneytisstjóra. Sú ráðning var brot á jafnréttislögmum eins og kunnugt er. Einar Hugi er einnig lögmaður verkataka sem standa í málarekstri fyrir dómstólum gegn Reykjavíkurborg um innviðagjöld með stuðningi Samtaka iðnaðarins. Skemmtileg tilvifun.

Árekstrar?

Fram kom í Markaðnum að Sigríður væri jafnframt í stjórn Júpiters rekstrarfélags sem einnig sé í eigu Kviku banka. Þar er Sigríður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins formaður. Að úthluta stjórnarsetum til starfsmanna samtakanna er klók leið til að fá aðra til að greiða starfsmönnum hluta launa þeirra, en sennilega fer stjórnarstarfið fram utan hefðbundins vinnutíma á skrifstofu samtakanna. Þá er bara spurningin um hagsmunaárekstra eftir. Hvað er með þá?

Geysir loks friðaður



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlinda-ráðherra

Ha, er Geysir ekki friðaður!? Hvernig má það vera? Þannig hafa viðbrögð margra verið vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar Geysis. Sá tímamótaviðburður varð svo í sögu þjóðarinnar á þjóðhátíðardaginn í gær að Geysissvæðið í heild sinni var friðlýst. Til hamingju öll!

Árið 1894 keypti breskur maður hluta hverasvæðisins, en árið 1935 komst svæðið í eigu kaup-sýslumanns að nafni Sigurður Jónasson. Hann gaf það íslensku þjóðinni. Við tilefnið sagði Sigurður: „Ég álit persónulega að ríkið ætti að eiga slíkan dýrgrip sem Geysir er ... og álit ég nærri því sjálfsagt að gera svæðið í kringum hverina að eins konar þjóðgarði.“ Árið 2016 komst allt svæðið í eigu ríkisins og í gær varð friðlýsingin loksins að veruleika.

Ég man enn þá þegar ég kom í fyrsta skipti að Geysi. Ég hafði nýverið eignast fyrstu myndavélina mína. Í þá tíð var framköllun dýr fyrir átta ára gutta. Ég var hins vegar svo bergnuminn að ég tók einar sextán myndir af Strokkki að gjósa og allar voru þær nokkurn veginn eins! Upplifunargildi svæðisins verður sennilega seint hægt að meta. Geysissvæðið er gríðarlega mikilvægt fyrir ferðaþjónustu og þjóðarþúið í heild sinni. En það þarf að hlúa mun betur að svæðinu og nú er unnið að því að meta í hvaða verndaraðgerðir þurfi að ráðast.

Virði landvörslu og fræðslu á Geysissvæðinu er ómetanlegt, enda er það eitt þekktasta goshverasvæði Jarðar. Það er einstakt á heimsvísu og hefur mjög hátt vísindalegt gildi. Náttúruundrin eru á hverju strái, gufuhverir, leirhverir og leirgur vatns hverir. Hinn síkviki Strokkur sem dregur að sér fólk eins og segull, Blesi, Sóði og Vigdísarhver. Að Geysi sjálfum ógleymdum, þó hann liggji nú í dvala.

Svo þekktur er Geysir að almennt heiti yfir goshveri á erlendum tungumálum er „geyser“. Þannig má með sanni segja að friðlýsing Geysis sé heimsviðburður. Við getum verið virkilega stolt af að hafa nú verndað hann fyrir komandi kynslóðir á Jörðinni.



Þannig má með sanni segja að friðlýsing Geysis sé heimsviðburður.

Hornsófi Chicago

2 horn 3, hægt að panta sem tungusófa, U sófa eða bara eins og hentar.



Komið og skoðið úrvalið



H Ú S G A G N A V E R S L U N

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

AF KÖGUNARHÓLI

„Ein stétt stelur eignum annarrar“



Þorsteinn Pálsson

Lækkun á gengi krónunnar „skýrist ekki síst af aukinni sókn í öruggari eignir og gjaldmiðla sem jafnan eru eftirsóttir á tímum mikillar óvissu.“

Þessa túlkun á falli krónunnar er ekki að finna í áróðursplöggum um stöðugan og réttlátan gjaldmiðil frá Viðreisn eða Samfylkingu. Hún birtist í lok síðustu viku í greinargerð fjármálaráðuneytisins um framgang áætlunar um losun fjármagnshatta.

Lýsing Péturs Benediktssonar
Þetta eru heldur ekki ný sannindi. Í greinasafni frá 1959 kemst Pétur Benediktsson bankastjóri Landsbankans þannig að orði um millilið allra milliliða:

„Sem gjaldmiðill hefir hann ekki svikið okkur, en menn eru að verða tortryggjari og tortryggjari við hann, þegar hann býðst til þess að geyma fyrir þá verðmætin.“

Og í þriðja hlutverkinu er hann orðinn áttavilltur, þegar hann á að leiðbeina þjóðinni um hina arðsómu verkaskiptingu.“

Þrátt fyrir miklar þjóðfélagsbreytingar stendur þessi lýsing óhögguð. Fjármálaráðuneytið er einfaldlega að staðfesta að tortryggnin gagnvart íslensku krónunni er ævinlega til staðar.

Í sama riti segir Pétur Benediktsson að verðyrnun peninganna og verðbólga hafi verið skýrgreind þannig „að ein stétt þjóðfélagsins væri að stela eignum annarrar. (Á nútímamáli væri það þó líklega kallað „eignatilfærsla milli stétta“).“

Þessi túlkun er líka jafn gild nú sem þá.

Millistéttin á Íslandi fer verr út en í Danmörku

Í greinargerð fjármálaráðuneytisins er birt súlurit, sem sýnir breytingu nokkurra gjaldmiðla gagnvart dollara á þessu ári. Þar kemur fram að gjaldmiðlar Rússlands og Tyrklands hafa rýrnað heldur meira en íslenska krónan. Evran hefur aftur á móti styrkst.

Hvað þýðir þetta, þegar við berum til dæmis saman efnahagsleg áhrif kórónuveirunnar hér og í Danmörku? Danska krónan er fastengd evru.

Bæði löndin verða fyrir miklum samdrætti. Ríkissjóðir beggja landa styðja fyrirtæki og launafólk með fordæmalausum ráðstöfunum. En munurinn er sá að hér er fjármunum stolið frá millistéttinni og þeim sem lakast standa og þeir færðir útflytjendum og þeim sem eiga erlendan gjaldeyri.

Með öðrum orðum: Millistéttin og þeir lakast settu fara verr út úr kreppunni hér en í Danmörku, vegna krónunnar.

Hvers vegna?

Er eitthvað við íslenskan þjóðarbúskap, sem gerir það að verkum að almenningur verði óhjákvæmlega að bera þyngri byrðar hér en í Danmörku?

Við þurfum ekki að líta lengra en til Færeyinga. Atvinnulíf þeirra er einhæfara en okkar. Krónan þeirra er tengd evru í gegnum þá dönsku. Þeir fara því eins og Danir í gegnum kreppuna án þess að leggja þessar viðbótarbyrðar á almenning.

Svarið við spurningunni er því: Nei.



Ástæðan liggur ekki í sérstöku eðli þjóðarbúskaparins. Hún liggur fyrst og fremst í þeirri pólitík að taka hagsmuni hinna fáu fram fyrir almannahag.

Sjálfskipuð gjaldeyriskví = höft
Í greinargerð fjármálaráðuneytisins um afnám hafta er ekkert getið um samkomulag Seðlabankans við lífeyrissjóðina um að kaupa ekki erlendan gjaldeyri um sinn. Það hefur nú verið framlengt um þrjá mánuði.

Þetta eru þó í raun gríðarlega



Er eitthvað við íslenskan þjóðarbúskap, sem gerir það að verkum að almenningur verði óhjákvæmlega að bera þyngri byrðar hér en í Danmörku?

umfangsmikil ný gjaldeyrishöft. Það má bara ekki nota það hugtak. Kannski er betra að tala um sjálfskipaða gjaldeyriskví.

Henni er ætlað að koma í veg fyrir enn meira hrun krónunnar. Trúlega hefði gjaldeyriskvíin verið ákveðin með lögum, ef ekki hefði samist. En eins og önnur höft eyðileggur hún markaðsverðmyndun á krónunni.

Lítið er því vitað um raunverulegt verðgildi hennar. Eitt er þó víst að skráð gengi segir ekki mikið um veruleikann.

Innbyggt ranglæti

Gjaldeyriskvíin þrengir bara að hagsmunum almennings, sem á réttindi í lífeyrissjóðunum. Allir aðrir, sem aðstöðu hafa, geta farið að eins og fjármálaráðuneytið lýsir og komið fjármunum sínum fyrir í öruggari gjaldmiðlum.

Það frjáltsræði er ekki talið ógna verðgildi krónunnar. En það lýsir vel innbyggðu ranglæti krónuhagkerfisins. Ein stétt er að stela eignum annarrar, eins og Pétur Benediktsson orðaði það á sínum tíma.

KLETTAGARÐAR 6

Glæsilegt vöruhús til leigu

Húsið er 2.819,9 fm stálgrindarhús, byggt árið 2005 og hannað sem vöruhús með skrifstofuaðstöðu. Allur frágangur hússins er til fyrirmyndar. Lóðin er malbikuð, upphituð og afgirt. Vöruhúsið er með þremur rafdrifnum, stórum innkeyrsludryrum og er með um 10,7-12,7 m. lofthæð að stórum hluta, en hluti lagerrýmisins er með millilofti.



- Góð og vel byggð fasteign
- Staðsetningin er mjög góð og eftirsótt við athafnasvæði skipafélaganna við Sundahöfn
- Lóðin er stór og afgirt, og býður upp á stórt útsvæði fyrir gáma
- Vönduð brettarekka- og hillukerfi eru í húsinu

Glundroði meirihlutans í Hafnarfirði



Stefán Már Gunnlaugsson fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar

Of þegar illa gengur, þá er freistandi að kenna öðrum um og það kann aldrei góðri lukku að stýra, einkum þegar almannahagsmunir eru í húfi. Ólafur Ingi Tómasson, formaður skipulags- og byggingráðs Hafnarfjarðar, gleymir að líta í eigin barm í nýlegri grein sinn um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Sjálfstæðisflokkurinn hefur veitt þessum málum forystu undanfarin sex ár og árangurinn er því miður afskaplega litill. Á sama tíma hefur myndarlega verið staðið víða að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í nágrennasveitarfélögum, en Hafnarfjörður hefur setið eftir til litlelli fjölgun íbúa.

Úrræðaleysi, óvönduð vinnubrögð og hringlandaháttur einkenna vinnubrögð meirihlutans í skipulagsmálum og hverri hugmyndinni af fætur annarri er hafnað af íbúum eða Skipulagsstofnun. Svo hefur meirihlutinn sjálfur tekið upp á því að fella í bæjarstjórn sín eigin áform um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Slíkur er glundroðinn og stefnuleysið hjá meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.

Um nokkurt skeið hafa legið fyrir áætlanir um þéttingu byggðar á Hraun-Vest. Rammaskipulag fyrir svæðið var unnið í nánú samstarfi við íbúa og aðra hagsmunaaðila þar sem m.a. var tekið tillit til markmiða svæðaskipulags höfuðborgarsvæðisins. Það var samþykkt í skipulags- og byggingaráði en hafnað af meirihlutunum þegar það kom til afgreiðslu í bæjarstjórn. Þar með var vandaðri og góðri vinnu og samráði við íbúa hafnað með einni atkvæðagreiðslu. Formaður skipulags- og byggingaráðs greiddi þar atkvæði gegn eigin tillögu og kennir svo Samfylkingunni um hringlanda sinn. Það er ekki stórmannlegt.

Nú á að byggja upp nýtt hverfi án allrar framtíðarsýnar, með háum byggingum, auknu byggingarmagni og mikilli fjölgun bílastæða. Mikilvægt er að varðveita gæði byggðar og sérstöðu Hafnarfjarðar með einstakri bæjarmynd. Því má ekki fórnar með írafári til að uppfylla einhverja sérhagsmuni. Nú er ráð að snúa bókum saman og blása til sóknar í samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila með það að markmiði efla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði.

Kvótakerfi á ferðamenn?



Finnur P. Fróðason leiðsögu- maður

Okkur ber að fara vel með auðlindir landsins. Um það eru flestir sammála. Góðir veiðimenn bera virðingu fyrir bráðinni og veiða ekki meira en stofninn ber. Árið 1983 voru sett lög á Alþingi og komið var á fót kvótakerfi. Ástæðan var gifurleg ofveiði á nærri öllum fisktegundum og skýrasta dæmið var hvarf síldarinnar 1968. Á þessu sviði lærðum við af reynslunni en ég ætla ekki að tjá mig að öðru leyti um útfærsluna.

Það eru ákveðnar líkingar milli ofveiði þorsks og „ofveiði“ eða ofnýtingu á ferðamönnum. Ferðamannafjöldinn náði hæstu hæðum um mitt ár 2018 og þá var veizla; allir „veiddu“ vel, svo bæði vel og illa rekin fyrirtæki lifðu af – sem er ekki heilbrigt ástand fyrir neina atvinnugrein. Þessi mikla veiði fór svo að skila sér í fleiri og fleiri (blaða)greinum í erlendum miðlum – einkum þeim sem höfðu til ljósmýndara – um að fara ekki til Íslands. Því var slegið fram að það séu allt of margir ferðamenn á ferðinni, verðlagið of hátt og margir vinsælir ferðamannastaðir orðnir verulega „sjúskadír“.

Ekki nóg með að upplifun á náttúru Íslands spillist fyrir erlenda ferðamenn en þetta er einnig farið að hafa veruleg áhrif á Íslendinga og okkar eigin ferðalög innanlands.

Strax á síðari hluta ársins 2018 dró úr fjölda ferðamanna og svo árið 2019 sáum við verulegan samdrátt í komu ferðamanna til landsins. Fall WOW hafði vissulega mikil áhrif en áhrifin af neikvæðu umtali um hátt verðlag (v/of sterkrar krónu) og of mikils fjölda ferðamanna, voru líklega sízt minni.

Við höfum séð verulega fækkun í vel efnum farþegum sem eru þeir ferðamenn sem við viljum helst höfða til. Færri en betur borgandi ferðamenn myndi þýða að minna gengi á sameiginlega auðlind okkar, náttúru Íslands. Þegar kvótakerfið var sett á sjávarútveginn breyttust áherzlu þannig að í stað þess að veiða bara sem mest, fór áherzlan í að fá sem mest fyrir hvern fisk. Áherzla fer yfir í gæði því magnið var takmarkað. Við ættum að stefna að þessu í ferðamannaíðnaðinum.

Þrátt fyrir samdrátt 2019 var enn byggt og byggt upp í ferðamannaíðnaðinum eins og enginn væri morgundagurinn. Sum ferðaþjónustufyrirtæki voru þegar í vandræðum þá en samt var haldið



Þrátt fyrir samdrátt 2019 var enn byggt og byggt upp í ferðamannaíðnaðinum eins og enginn væri morgundagurinn.

áfram. Og síðan kom Kófið (Covid) og „sildin“ hvarf.

Ekki er hægt annað en að finna til með starfsfólki í greininni sem ástandið hefur komið hart niður á og vonandi verður lausn fundin svo hægt er að veita þeim aðstoða á sem beztan og sanngjarnastan hátt. Þegar að sildin hvarf þurftum við að endurstilla hagkerfið. Síldarverksmiðjur, t.d. í Djúpuvík á Ströndum, voru yfirgefnar og fólk fór í önnur störf, í öðrum landshlutum. Við höfum fengist við stórar breytingar áður.

Nú er stórt tækifæri til að horfa

um öxl, staldra við og horfa til framtíðar. Margoft hefur verið rætt hversu æskilegt það er að höfða til vel stæðra ferðamanna. Æskilegt er að selja fáum á háu verði. Samt sem áður höfum við aldrei getað komið okkur saman um ferðamannaskatt, komugjald eða aðra slíka leið. Það er of dýrt, of flókið, dregur úr komu ferðamanna og þar fram eftir götunum. Allt í einu getum við samt sett 15.000 kr. gjald á þá fáu ferðmenn (2.000 á dag) sem koma til landsins, innlendir sem erlendir.

Það eru til ýmsar leiðir og við þurfum ekki að finna upp hjólið. Viða í heiminum er settur kvóti á komu ferðamanna til ákveðinna svæða t.d. Galapagos, Páskaeyju, Inka-slóðinni í Perú, Suður-Georgíu, Suður heimskauteslandið, Bútan og það má halda áfram. Jafnvel í landi frjálshyggjunnar eru víða takmarkanir t.d. að sigla niður Mikla-Gljúfur (Grand Canyon), á tjaldsvæðum eða gönguleiðum í þjóðgördum. Viða er takmarkanir á að skoða náttúrufyrirbæri t.d. gilin í Utah og Arizona og þykir það alveg sjálfsagt. Þar eru líka gjöld

inn í flesta þjóðgarða og mörg lönd hafa komugjöld; Á Hawai er 25 dollara komugjald á alla sem koma til eyjanna. Nýsjálendingar eru líka með komugjald (Nýsjálendingar og Ástralir eru reyndar undanþegnir) og safarí-löndin í Austur-Afríku; Kenýa, Tanzania og Úganda rúka 50 dollara komugjald. Það hefur lengi verið mín skoðun að við áttum ekki og eigum ekki í framtíðinni að stækka Keflavíkurvöll heldur tilkynna erlendum flugfélögum að það sé því miður uppselt, en ef við viljum fjölga flugferðum, því þá ekki að dreifa þeim betur með því að byggja upp flug til Egilsstaða og Akureyrar.

Er ekki rétti tíminn nú til að staldra við og endurskipuleggja þessi iðngrein. Viljum við hafa stjórnlausan massatúrismi á Íslandi eða viljum við byggja hér upp stöðuga og sjálfbæra útflutningsgrein? Undirritaður er þeirrar skoðunar að í stað þess að einblína á magnið – veiða sem flesta fiska – ættum við að stýra sókninni í auðlindina og hámarka arðsemi hennar og þannig vernda hana til framtíðar.

Lærum af reynslunni - Borgarvaktin – Reykjavíkurborg hlustar



Ellen Calmon borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Uppgangstíma ferðaþjónustunnar á undanförunum árum fylgdi mikil efnahagsleg uppsveifla en um leið margvíslegar áskoranir, til dæmis hvað varðar umferðaröryggi. Frá öllum heimshornum streymdi hingað til lands fjöldi fólks til að skoða okkar undursamlega land. Fjöldi

ökutækja á þjóðvegum margfaldaðist, fjölbreytni samgöngumáta jókst með kostum þess og göllum og þjóðfélagið blómstraði. Mikil áhersla var lögð á fræðslu til gesta okkar um sérstöðu íslenskra vega og hvatningu til Íslendinga um tillitsemi gagnvart fólki sem idulega var að reyna sig við aðstæður ólíkar þeim sem það var vant.

Þrátt fyrir fræðslu og forvarnir verða slysin, allt of mörg alvarleg og sum mannskæð. Slysu eru ekki ný tíðindi, því þó verulegur árangur hafi náðst í hlutfallslegri fækkun þeirra - einkum hinna alvarlegu - þá hafa þau frá upphafi verið illur forunautur umferðar. Nánast hefur verið litið á umferðarslys sem óhjákvæmilegan fórnarkostnað sam-



Nú í sumar stöndum við óvænt frammi fyrir þeim furðulegu aðstæðum að nánast aðeins Íslendingar verða á ferðinni á vegum landsins.

félagsins fyrir greiðar samgöngur. En orsök langflestra slysa er mannleg mistök: Ökumadurinn ofmetur hæfni sína og vanmetur aðstæður til aksturs.

Í umræðunni var erlendu ferðafólki stundum gefið hlutverk söku-

dólgs varðandi umferðarslysin. Vissulega var innanum fólk með mismikla reynslu af akstri við okunnar aðstæður en langoftast var það hér státt í þeim erindagjörðum að njóta skemmtilegrar ferðar með ábyrgum hætti. Þolinmæði okkar gagnvart gestunum var ekki alltaf mikil og stundum gleymist að líta í eigin barm. Heimsfaraldurinn hefur nú í bili nánast stöðvað ferðalög þeirra hingað og við finnum illilega fyrir fjarverunni. Vonandi mun ástandið vara stutt og erlendir gestir streyma brátt aftur til landsins með endurnýjuðum þrótti fyrir efnahag og samfélag.

En nú í sumar stöndum við óvænt frammi fyrir þeim furðulegu aðstæðum að nánast aðeins

Íslendingar verða á ferðinni á vegum landsins. Næstum engir útlendingar okunnir malarvegum, sem hafa aldrei upplifað viðernin, séð einbreiða brú eða sauðfé í lausagöngu við þjóðveginn. Við sjálf, íbúar þessa lands, munum nú hafa öryggið á þjóðvegum í eigin höndum. Með góðum ákvörðunum um að aka með fullri einbeitingu í samræmi við aðstæður og sýna samferðafólki okkar umburðarlyndi margföldum við líkurnar á slysalausu ferðalagi. Um leið undirbúum við okkur fyrir eðlilega opnun landamæra og æfum þá list að vera góðir gestgjafar og frábærar fyrirmyndir við íslenskar aðstæður. Góða ferð!

BÓEL

FIMMTUDAGUR 18. JÚNÍ 2020

Tíska

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Puríður Ottesen klæðist hér fallegum, skærbláum kjól frá Rundholz og Guðrún Lilja er í glæsilegri dragt frá Rundholz. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Sumarútsalan í BÓEL hafin

Það er sannkallaður sumarauki að fá spennandi sumarútsölu á gegguðum hönnunarflíkum, töff skóm, tös-kum og lífrænum snyrtivörum í BÓEL. ➔2



Handgerðir svartir Lofina-sandalar. Verð áður 39.000 kr. Nú á 30% afslætti 27.300 kr.



Handgerðir Lofina-skór. Verð áður 42.000 kr. Nú á 30% afslætti 29.400 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.



Mandarina Duck-hliðartaska. Verð áður 17.900 kr. Nú á 30% afslætti 12.530 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.



Rundholz-skór. Verð áður 49.000 kr. Nú á 30% afslætti 34.300 kr.

Nú er sumarútsalan í BÓEL hafin og valdar vörur eru með 20-50% afslætti.

Verzlunin BÓEL að Skólavörðustíg 22 hefur svo sannarlega fest sig í sessi í miðborginni, enda hafa fjölmargar konur fundið þar sína fataverslun. Viðskiptavinir BÓEL eru fjölbreyttir, en áhuginn fyrir því að skapa sér sérstöðu með listilega saumuðum og fallegum flikum er sammerktur með þeim öllum. Hönnunin á flikunum er sígild og stjórnast ekki af tísku-sveiflum. Einnig er lagt mikið upp úr því að versla við merki sem eru þekkt fyrir gæði og endingu. Því er hægt að nota fatnaðinn árum saman. „Það skiptir ekki máli hvort flikin er glæný eður ei, því hönnunin stenst tímans tönn og er alltaf jafnflott. Við erum með merki eins og Rundholz og hinn japanska MOYURU. Þessir hönnuðir leggja mikið í flikurnar sínar og sómir sama flikin í sama númeri sér jafn vel á grannri, sem þrekinni manneskju. Galdurinn liggur í sniðinu,“ segir Þuríður Ottesen, eigandi Bóel.

Gakktu þinn eigin veg í skóm frá BÓEL

Skórnir frá BÓEL fara einstaklega vel við fatnaðinn sem er á boðstólum en hönnunin er undir japönskum áhrifum. „Við höfum selt handgerða skó frá danska

fyrirtækinu LOFINA og nú síðast frá þýska skófyrirtækinu TRIPPEN, sem eru einnig handgerðir. Ég hef orðið fyrir miklum áhrifum frá viðskiptavinum mínum, en mjög margar konur koma inn í búðina í Trippen skóm og sumar eiga heilt safn. Það er mikil veisla þegar sumar þeirra koma og sýna mér safnið. Ein kona kom í 24 ára gömlum Trippen skóm sem voru enn flottir og sagði þá þægilegustu skó sem hægt væri að ganga í. Það er svo rosalega gaman þegar konur koma og kaupa sína fyrstu Trippen. Það liggur við að þá ætti að fara fram vígsla því Trippen skórnir eru klárlega lífstíll þar sem ending, gæði og smartheit fara saman.“ Skófatnaðurinn frá Trippen og Lofina er sannarlega góð fjárfesting hvað varðar gæði og þægindi. Á ákveðnum aldri er stórt atriði að skór séu þægilegir og síðast en ekki síst smart.

Það besta við flugnabiti

„Náttúrulegu húðvörurnar frá Antipodes eru mjög virkar og einhverjar hreinustu húðvörur heims. Lúsmýið sem herjaði á okkur í fyrra á örugglega eftir að taka sig aftur upp í ár, en hjá okkur fæst SAVIOUR kremið, sem er líklega besta krem sem hægt er að fá við flugnabiti. Þá verður 20% afsláttur af því á meðan á útsöluinni stendur.“



Saviour-galdrakremið frá Antipodes. Verð áður 3.000 kr. Nú á 20% afslætti 2.400 kr.



Mandarina Duck-flugfretjutaska. Verð áður 29.000kr. Nú á 50% afslætti 14.500 kr.

Á ákveðnum aldri er stórt atriði að skór séu þægilegir og síðast en ekki síst smart.

Niðsterkar tösukur

Einnig verður 30% afsláttur af völdum Mandarina Duck-handtöskum. Þessi ítalska töskuhönnun hefur svo sannarlega mælst vel fyrir hælendis, enda vandaðar og

flottar tösukur, bæði úr niðsterku taui og leðri. „Litlu flugfretjutöskurnar frá Mandarina Duck eru sjúklega flottar og niðsterkar og hjólabúnaðurinn á þeim er afar vandaður. Það er engin hættu á að maður skakklappist með þessar frábæru tösukur, eins og oft vill gerast með tösukur á hjólum. Þessar tösukur verða á hvorki meira né minna en 50% afslætti.“

Verzlunin BÓEL er opin frá 12-18 virka daga og 12-16 á laugardögum og hægt er að fylgjast með hvað er nýjast á facebook-síðunni undir bóel og svo instagram boeliland.



BITTE KAI
RAND

1 9 8 1

DÖNSK
HÖNNUN



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Marilyn Monroe á ungdómsárunum í röndóttu bikinii. MYNDIR/GETTY

Bikiní tengist frelsi kvenna

Sumarið er í algleymingi og þegar sólin vermir kroppinn njóta konur þess að skarta fallegum bikiníum. Bikiní voru lengi vel umdeild en þykja nú gott dæmi um vald kvenna.

Bikiní sáust fyrst á konum 5.600 árum fyrir Krist og hafa myndskreytingar af konum í klæðum sem líkjast bikiníum fundist allt frá tímum Rómverja. Það var hins vegar ekki fyrr en upp úr 1930 sem konur fóru að klæðast þeim sem baðfatnaði og sumarið 1946 jukust vinsældir bikinía enn, þegar franskur verkfræðingurinn Louis Réard kynnti nútíma-bikiníið til sögunnar.

Franskar konur tóku hönnun Réards fagnandi þótt kaþólsku kirkjunni, fjölmiðlum og stórum hluta almennings þætti hönnunin beinlínis hneykslanleg. Keppendur í fyrstu Miss World-keppninni klæddust svo bikiníu árið 1951, en bikiníu voru síðar bönnuð í keppninni.

Franska leikkonan Brigitte Bardot vakti heimsathygli þegar ljósmyndarar náðu mynd af henni í glæstu bikiníu á ströndinni í Cannes árið 1953. Bandaríska

leikkonurnar Ava Gardner og Rita Hayworth hlutu líka mikla fjölmiðlaathygli fyrir sín bikiní og voru myndaðar í bak og fyrir.

Það var svo fyrir tilstilli tímaritanna Sports Illustrated og Playboy á sjöunda áratugnum að bikinitiskan varð almennari og viðurkenndari. Ursula Andress stimplaði sig rækilega inn þegar hún klæddist hvítu bikiníu í James Bond-myndinni Dr. No árið 1962 og dádýrabikiníið sem Raquel Welch klæddist í myndinni One Million Years B.C. gerði hana að alþjóðlegu kyntákni og hafði mikil áhrif á tiskuframvindu sjöunda áratugarins.

Franski tiskusagnfræðingurinn Olivier Saillard lét hafa eftir sér að bikiní væru vinsælasti strandfatnaður kvenna í heimi hér, vegna þess að hann stæði fyrir valdi kvenna en ekki valdi tiskunnar. Að frelsun sundfata væri nátegt frelsi kvenna.



Bandaríska kvikmyndastjarnan Ava Gardner þótti ein sú allra fegursta í Hollywood. Hér situr hún fyrir í glæsilegu gulu bikiníu við ströndina 1945.



Sophia Loren í blúndubikiníu í kvikmyndinni Marriage Italian Style.



Ursula Andress, hér í appelsínugulu bikiníu, en hún vakti heimsathygli í hvítu bikiníu í James Bond, Dr. No.



Franska kynbamban Brigitte Bardot í bikiníu í Cannes 1953. Á neðri myndinni: Raquel Welch í dádýrabikiníu.

FLOTT FERÐAFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Bandaríska stórliekkonan Elizabeth Taylor við tókur á ströndinni fyrir myndina Suddenly, Last Summer.



Grænn lífsstíll

FIMMTUDAGUR 18. JÚNÍ 2020

Kynningar: BYKO, Terra



Berglind Ósk Ólafsdóttir segir að áherslur BYKO liggi í því að bjóða upp á aukið vistvænt vöruframboð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vistvænt vöruframboð

BYKO leggur áherslu á að auðvelda vistvænar framkvæmdir og vera skýr valkostur þegar kemur að umhverfisvænum lausnum. Á heimasíðu BYKO eru upplýsingar um umhverfisvænar vörur.



Í verslunum BYKO eru vörur sem samþykktar hafa verið fyrir Svansvottuð hús. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ábyrgð BYKO er tvöföld. Hún snýr annars vegar að eigin rekstri og hins vegar þeim valkostum sem BYKO býður viðskiptavinum sem standa í byggingarframkvæmdum, að því er Berglind Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri umhverfissviðs hjá BYKO, greinir frá. „Því er mikilvægt að vinna í því að auka umhverfissvifund og breyta hegðun okkar,“ segir hún.

Vistvænar vörur

Berglind segir að áherslur BYKO liggja í því að bjóða upp á auknið vistvænt vöruframboð þannig að vörurnar verði leyfilegar í umhverfissvottuð hús, til dæmis byggð samkvæmt norræna umhverfismerkingu Svaninum. Í stuttu máli þýðir það að efna- og byggingarvörur mega ekki vera flokkaðar sem/eda innihalda efni sem skilgreind eru sem krabbameinsvaldandi, efni sem geta valdið erfðabreytingum eða haft áhrif á starfsemi innkirtla. Auk þess bannar Svanurinn vissa efna- eða vöruflökka sem af öðrum ástæðum eru taldir sérstaklega varasamir fyrir heilsu fólks eða umhverfið,“ upplýsir hún.

„Í verslunum BYKO eru leyfilegar þær vörur sem Svanurinn hefur samþykkt að megi nota í Svansvottuð hús. Það þýðir eingöngu að vörurnar hafa verið rýndar með tilliti til hvort þær innihaldi ákveðin skaðleg efni samkvæmt efnalöggjöf Evrópusambandsins.

Svansvottaðar vörur hafa aftur á móti farið í gegnum lifferilsgreiningu þar sem skoðuð hafa verið umhverfisáhrif vörunnar á öllum stigum hennar, framleiðslu, notkun og förgun. Kröfurnar á bak við umhverfissvottaðar vörur eru því mun strangari en fyrir vörur sem eru eingöngu leyfilegar í Svansvottuð hús.“

Í stuttu máli má segja að mismunurinn á milli vottaðra og leyfilegra vara sé eftirfarandi:

- Umhverfissvottun nær yfir allan líftíma vörunnar, framleiðslu, efnainnihald, notkun og förgun.
- Merking á leyfilegum vörum nær eingöngu yfir efnainnihald vörunnar.



Hleðslukapall 16A þriggja fasa 5 m.



Hleðslukapall 32 amper T2 5 m.



ABL Hleðslustöð fyrir bíla Type 2 3 fasa 11kw fyrir heimili.

- Vörur sem eru merktar með norræna umhverfismerkinu Svaninum, Evrópublóminu eða þýska umhverfismerkinu Bláa Englinum eru sjálfkrafa leyfilegar í Svansvottuð hús.

Þetta á við um málningarvörur, kítta, múrefni, hreinisefni og ýmis önnur byggingarefni. Einnig flokkast ýmis gólfefni, salernisvörur og fleira undir vistvænar vörur.

Á vefsvæði BYKO er að finna vörulista sem er vísir að vöruvali fyrir byggingu á vistvænu húsi, hugsað sem leiðsögn fyrir viðskiptavinum okkar.

„Áherslur okkar eru einnig að kynna vörur fyrir vistvænar

byggingaraðferðir fyrir fagfólki, hönnuðum, verktökum, iðnaðarmönnum, ákvörðunartökuaðilum og menntastofnunum og eiga gott samstarf við birgja um að skoða hvort núverandi vöruframboð þeirra uppfylli kröfur til notkunar í umhverfissvottuð hús.

Á vefsvæði BYKO má finna fræðslu og upplýsingar um hvaða vörur eru hluti af vistvænu vöruframboði BYKO. Það er hluti af skyldu okkar að fræða viðskiptavinum um umhverfismál og einnig má finna álitamál í samfélagskýrslu BYKO, sem hefur nú verið gefin út í fyrsta skipti, sem fjalla annars vegar um það hvernig hægt er að segja að vara sé leyfileg í Svansvottað hús án þess að varan sjálf sé Svansvottuð og hins vegar hvort og þá hvernig skuli vinna með rekjanleika svo hægt sé að staðfesta að timbur komi frá sjálfbærri skógrækt. Einnig má finna ítarlega flokkunarhandbók fyrir byggingarúrgang sem er aðgengileg öllum,“ segir Berglind.

Rekjanleiki timburs

„BYKO leggur áherslu á að allt timbur sem fyrirtækið selur sé úr sjálfbærri skógrækt. Helstu merki fyrir sjálfbæra skógrækt eru Forest Stewardship Council (FSC) og Programme for the Endorsement of Forest Certification (PEFC).

Vandamál beggja vottunarkerfa er að eðli þeirra er tvískipt, annars vegar er það vottun á sjálfbærri skógrækt og hins vegar vottun á rekjanleika í virðisæðju. Fyrri hlutinn felur í sér að skógræktin þar sem trén vaxa verður að fylgja ákveðnum viðmiðum um sjálfbæra skógrækt. Seinni hlutinn er að allir þeir sem koma að því að vinna timbrinu eða að meðhöndla það verða að hafa rekjanleikavottun. Meðhöndlun felur meðal annars í sér að brjóta upp timburbúnt og selja borð eða lektur í stykkjatali. Um leið og búntin eru brotin upp eða gögnin fjarlægð hverfur rekjanleikinn. Rekjanleikavottun felur í sér að hafa verkferla sem sýna fram á að keypt timbur er frá sjálfbærri skógrækt og hvernig uppruni timburs er rakinn frá innkaupum til sölu. Allir milliliðir í virðis-

„Áherslur BYKO eru að kynna fyrir fagfólki, hönnuðum, verktökum, iðnaðarmönnum, ákvörðunartökuaðilum og menntastofnunum vörur sem henta vistvænum byggingaraðferðum.“

keðjunni verða að hafa rekjanleikavottun.

Allt timbur sem BYKO kaupir kemur úr sjálfbærri skógrækt og er með rekjanleikavottun. BYKO er ekki með rekjanleikavottun frekar en nokkur annar söluaðili á Íslandi. Strangt til tekið getur BYKO því ekki sagt að það selji FSC eða PEFC vottað timbur nema þegar selt er í búntavís eða óbrotnum einingum (umbúðum). BYKO hefur aftur á móti komið upp verkferlum fyrir aðila sem eru að byggja Svansvottuð hús. Þessi ferill er ekki vottaður af FSC en er samþykktur af Svaninum þegar byggja á Svansvottuð hús.

Kolefnisjöfnun

Það má segja að BYKO hafi „fyrir slysi“ kolefnisjafnað hluta starfsemi sinnar allt frá 1987 en þá hófu eigendur og starfsmenn árlega gróðursetningu að Drumboddsstöðum á Suðurlandi. Hugmyndin var að rækta mætti nytjaskóg og skila þannig til baka til náttúrunnar á móti því timbri sem fyrirtækið seldi í verslunum sínum. Frá þeim tíma og fram til 2007 voru gróðursettar um 130.000 trjáplöntur. Á þessum tíma hefur náttúrulegt birki einnig breiðst mikið út af sjálfsdádum.

BYKO hóf samstarf við Skógræktina haustið 2019 til að gera úttekt og meta bindingu skógarins. Náttúrulega birkið í skóginum hefur breiðst mikið út á rúmum 30 árum, flatarmál þess hefur rúmlega þrefaldast og meðalhæð þess hefur hækkað mikið. Bindingarmat til bráðabirgða út frá fyrirliggjandi upplýsingum var framkvæmt haustið 2019. Frekari vinna

við mat á bindingu skóglendisins að Drumboddsstöðum fer svo fram sumarið og haustið 2020.

BYKO hefur gripð til aðgerða til að draga úr notkun á hita og rafmagn, flokkar úrgang á öllum starfsstöðvum, rafvætt hluta af bílum og tækjum fyrirtækisins, sett upp rafmagnshleðslustöðvar fyrir starfsfólk og viðskiptavinum sína og styðst við gagnadrifna umhverfisstjórnun til að skilja bæði beina og óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi.

Við hvetjum okkar starfsfólk til að minnka kolefnisspor sitt og nýta vistvænni samgöngumáta og bjóðum því upp á samgöngusamning og einnig bjóðum við okkar starfsfólki sem eru á rafmagnsbílum að hlaða á vinnutíma sér að kostnaðarlausu. Einnig er viðskiptavinum boðið upp á, við verslanir BYKO, að hlaða rafmagnsbíla sína í gegnum hleðslustöðvar frá Orku náttúrunnar en einnig bjóðum við upp á heima-hleðslustöðvar sem eru tiltölulega nýkomnar í sölu hjá BYKO.

Samfélagskýrsla 2019

BYKO hóf markvisst að vinna að umhverfismálum árið 2018 þótt fyrirtækið hafi í allmörg ár kolefnisjafnað rekstur sinn án þess að mæla það sérstaklega. Samfélagsábyrgð hefur alltaf verið stór þáttur í rekstri BYKO og í ár hefur nú verið gefin út fyrsta samfélagskýrsla fyrirtækisins á heimavísu BYKO fyrir árið 2019,“ segir Berglind.

Skýrslan fjallar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri og fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative GRI Standards sem eru staðlar um alþjóðlega skýrslugerð. Nánar um skýrsluna má finna inn á vefsíðu fyrirtækisins byko.is/samfélagskýrsla.



KOLEFNISJAFNAÐU

FRÍTT **Í SUMAR**

Keyrðu um landið með góðri samvisku í sumar.

Við sjáum um að kolefnisjafna aksturinn fyrir þig, þér að kostnaðarlausu til 1. september.



Lykil- og korthafar Olís og ÓB sem skrá sig fyrir kolefnisjöfnun á olis.is eru sjálfkrafa þátttakendur í átakinu með okkur. Aðrir viðskiptavinir geta óskað eftir kolefnisjöfnun við kassa. Gildir út ágúst.



Olís - í samstarfi við Landgræðsluna

Moltan notuð í landgræðslu

Molta er mikið undraefni, magnaður jarðvegsbætir búinn til úr lífrænum úrgangi. Í sumar hófst samstarf Landgræðslunnar og Terra, um notkun moltu til uppgræðslu á örfoka landi í Krýsuvík.

Samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Terra um notkun moltu er stutt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

„Þetta er stórt og mikilvægt skref til þess að nýta úrgang betur og innleiða hringrásarhagkerfið,“ segir Freyr Eyjólfsson, samskiptastjóri Terra.

„Við hjá Terra erum stolt og ánægð með samstarfið við Landgræðsluna og Grindvíkinga og ekki síst fyrir þetta framtak umhverfisráðherra.“

Er öll molta góð til landgræðslu?

„Moltan verður að vera ómeng-uð, laus við plast- og spilliefni. Til þess að geta notað moltu í svona verkefni er grunnforsenda að lífræni úrgangurinn standist kröfur um hreinleika og að vandað sé til verka. Lífrænn úrgangur sem er flokkaður sérstaklega er mjög heppilegur í moltugerð.“

Allur lífrænn úrgangur sem við tókum á móti er jarðgerður og öll okkar molta fer í gegnum vottað ferli. Moltan frá Terra hefur fengið viðurkenningu frá Mátis og Umhverfisstofnun. Við reukum okkar eigin jarðgerðarstöð og beitum sérstakri hitameðferð og annarri meðhöndlun til þess að búa til úrvals vöru.“

Hefur átt sér stað viðhorfsbreyting? Er fólk að uppgötva moltuna betur og betur?

„Já, algjörlega. Moltan okkar er uppseld í fyrsta sinn. Það hefur aldrei áður gerst. Fólk er að uppgötva að kannski er betra og umhverfisvænna að nota innlenda, græna framleiðslu, í staðinn fyrir innfluttan áburð. Sömuleiðis er frábært að sjá að stjórnmöld og Landgræðslan vilji nota moltu í



Freyr Eyjólfsson segir samstarfið stórt og mikilvægt skref til að nýta úrgang betur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

landgræðslu. Þess vegna er brýnt að framleiða vandaða og góða vöru, að kynna enn betur góðan árangur moltu fyrir mögulega notendur og finna hagkvæmar leiðir til flutnings og dreifingar um land allt.“

Það er oft talað um hringrásarhagkerfi – er þetta hluti af því?

Þetta er hringrásarhagkerfið í framkvæmd! Með þessu verkefni sem við vinnum með Landgræðslunni, erum við að innleiða nýja hugsun og nýtt kerfi um hvernig við umgöngumst úrgang. Við búum ekki bara til verðmæti

úr úrganginum með því að flokka og endurvinnna; við græðum líka landið og ekki síst komum við í veg fyrir stórfellda mengun, því lífrænn úrgangur veldur losun gróðurhúsalofttegunda ef hann er urðaður.“

Getur moltan komið í staðinn fyrir innfluttan, tilbúinn áburð?

„Það væri óskandi, því þetta er lífrænn og umhverfisvæn áburður. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni notkun á moltu til endurheimtar vistkerfa og annarra landbóta, í verkefnum þar sem annars væri notaður tilbúinn

áburður. Í lífrænum úrgangi eru mikilvæg næringarefni, sem annars er sóað, nýtt inn í vist- og hagkerfi landsins. Rannsókn sem Skógræktin framkvæmdi, bendir til að moltan geti komið í staðinn fyrir tilbúinn áburð. Molta hefur til dæmis mjög góð áhrif á vöxt birkis á erfiðum svæðum. Það kemur í ljós að áhrifin frá moltunni vara í nokkur ár og upp úr sandi sprettur staðargröður sem lítið bar á áður.“

Hversu umfangsmikið er þetta verkefni Landgræðslunnar og Terra í Krýsuvík?

„Um 1500 m³ af moltu verður

dreift á nærri 50 hektara lítt gröins lands og haldið verður utan um gögn um framkvæmd og árangur. Í lok verkefnisins verða niðurstöður teknar saman í skýrslu sem birt verður opinberlega, með það að markmiði að fleiri framleiðendur moltu, og notendur, geti nýtt sér niðurstöðuna. Að nota moltu sem áburð í tengslum við landgræðslu, og skógrækt til bindingar á CO₂, er stórt skref í kolefnisjöfnun og innleiðingu á hringrásarhagkerfinu.“

Væri hægt að hugsa þetta ennþá stærra og meira?

„Mikið af lífrænum úrgangi fer ennþá til urðunar hér á landi. Því er verulegt svigrúm til að nýta þessa auðlind betur um land allt. Terra getur aukið framleiðslu á moltu og leitar að fleiri samstarfsaðilum varðandi lífrænan úrgang. Molta sem er unnin upp úr lífrænum úrgangi er afbrigðisdæmi um endurvinnslu og hringrásarhagkerfi sem við stefnum öll að; að koma efnislegum gæðum aftur til skila út í umhverfið.“

Stór þáttur í því er flokkun og endurvinnsla; að vera þátttakandi í hringrásarhagkerfinu er ekki einungis okkar ábyrgðarhlutverk gagnvart jörðinni, heldur einnig hagkvæmara fyrir rekstrarumhverfi fyrirtækja sem axla þessa ábyrgð. Við hjá Terra þjónustum fjölmörg íslensk fyrirtæki og sveitarfélög. Það er mjög ánægjulegt að finna áhuga þeirra á að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni.“

Terra umhverfisþjónusta er að Berghelli 1 í Hafnarfirði. Sími 535 2500. Nánar á terra.is

Brúnn pappírfilter fyrir umhverfið

Hefurðu einhvern tímann velt fyrir þér hver sé eiginlega munurinn á skjannahvítu kaffisíunum og þeim brúnu í hillum matvöruverslana? Það hvaða filter þú notar, getur haft áhrif á umhverfið.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Meginmunurinn er sá að hvítu pappírfilterinn fer í gegnum bleikingarferli til þess að gera hann hvítan að lit og sá brúni fer ekki í gegnum hvíttunarferli. Til þess að gera pappírinn hvítan eru ýmsar aðferðir notaðar og þær algengustu eru annars vegar að nota ögn af klór og hins vegar með súrefnismeðferð. Að því er kemur fram á vefmiðlinum Perfect Daily Grind getur verið töluverður umhverfisáhrifa-munur þegar kemur að notkun hvíts eða brúns filters.

Óhætt að nota bleiktan filter

Á níunda áratugnum voru uppi áhyggjuraddir um að hættulegt væri að nota hvíttan pappírfilter vegna þeirra efna sem væru notuð til þess að hvíttu pappírinn. En í dag hefur verið sýnt fram á að hvítur filter er fullkomlega öruggur og hvíttunarferlið hefur engin áhrif á kaffibragðið.

Óhvíttadar pappírssíur eru brúnar á litinn. Allur pappír er brúnn á litinn þegar hann er upprunalega framleiddur og er svo hvíttadur með hinum ýmsu ferlum.



Til eru fjölmargar aðferðir við að hella upp á kaffi. Flestir nota filter, en það er vissara að skola hann fyrir notkun.

Pappír er jú búinn til úr trjám sem eru allt annað en hvít á litinn. Óbleiktur pappírfilter er minna unninn en sá hvíti, sem gerir hann allt frá því að vera aðeins betri fyrir umhverfið og til þess að vera töluvert betri fyrir umhverfið.

Stórt umhverfisvandamál

Það eru uppi áhyggjuraddir um umhverfisáhrif og ávinning þess að hvíttu kaffisíur. Árið 2012 kom út skýrsla í ritryndu blaði um notkun klórs til þess að hvíttu kaffisíur. Fram kom að þetta væri eitt af

stærstu umhverfisvandamálum dagsins í dag, þegar kemur að pappírsideiginum.

Þá kom fram að framleiðsla á súrefnishvítuðum pappírssíum sé mun betri fyrir umhverfið en á klórhvítuðum. Öllum framleið-

» Hvítur og ódýr filter getur gefið af sér jafnmikið pappírbragð og brúnn gæðafilter.

endur pappírssía er því gert skylt að gefa upp upplýsingar á pakningunum um hvaða hvíttunar-aðferð er notuð.

Pappírbragð af kaffinu

